

## Viðtal, umræðuefni:

### Allt um mat.

- Veistu um einhverjar matartegundir sem þú vildir ekki borða þegar þú varst barn en borðar núna.
- Ertu góður kokkur?
- Ertu grænmetisæta?
- Á hvaða tíma dags borðarðu yfirleitt matinn (morgunmat, hádegismat og kvöldmat)?
- Drakkstu kaffi í morgun?
- Borðaðirðu hádegismat í dag?
- Borðarðu alltaf kvöldmat með fjölskyldunni þinni?
- Borðarðu alltaf grænmeti?
- Eldarðu oft? Ef svo er, hvernig mat eldarðu oftast?
- Drekkurðu mjólk á hverjum degi?
- Drekkurðu te á hverjum degi?
- Borðarðu kjöt?
- Borðarðu brauð á hverjum degi?
- Borðarðu morgunmat á hverjum degi?
- Borðarðu ávexti á hverjum degi?
- Borðarðu hrísgrjón á hverjum degi?
- Sleppirðu einhvern tíma að borða morgunmat? Ef svo er, hversu oft og af hverju?
- Áttu þér uppáhaldskaffihús? Ef svo er, hvar er það? Af hverju er það uppáhaldið þitt?
- Drekkurðu kaffi með morgunmatnum?
- Þekkirðu einhvern sem á við átröskun að stríða?
- Finnst þér breskur matur góður?
- Finnst þér kínverskur matur góður? Af hverju/af hverju ekki?
- Finnst þér djúpsteiktur matur góður?
- Finnst þér matur frá öðrum löndum góður? Ef svo er, hver finnst þér bestur?
- Finnst þér japanskur matur góður?
- Finnst þér baunir og gulrætur góðar? Hvað með spínat?
- Finnst þér gaman að elda? Af hverju/af hverju ekki?
- Borðarðu mikið á hverjum degi?
- Finnst þér íslenskur matur góður?

- Finnst þér skyndibitamatur góður?
- Finnst þér kökur góðar?
- Finnst þér ruslmatur góður?
- Borðarðu oft eftirrétt eftir matinn?
- Finnst þér gott að borða? Af hverju/af hverju ekki?
- Finnst þér gott að borða morgunmat? Af hverju/af hverju ekki?
- Finnst þér gaman að prófa nýjar matartegundir?
- Ferðu oft út að borða?
- Hvort finnst þér betra, fiskur eða kjöt?
- Hvort finnst þér betra að borða á veitingastað eða heima hjá þér?
- Hvort finnst þér betra, matur frá þínu landi eða matur frá öðrum löndum?
- Lestu upplýsingar um næringarefni á matnum sem þú kaupir?
- Tekurðu vítamín?
- Hefurðu einhvern tíma farið í megrun? Ef svo er, hvað stóð það lengi yfir?
- Hefurðu einhvern tíma borðað hundakjöt?
- Hefurðu einhvern tíma borðað mósambískan mat?
  - franskan mat?
  - kínverskan mat?
  - ítalskan mat?
- Hversu langan tíma tekur það þig að borða hádegismat?
- Hversu margar kaloríur þurfa flestir á að halda á hverjum degi?
- Hversu mikið borðarðu þegar þú ert glaður/glöð eða leiður/leið?
- Hversu mikið kostar það að borða kvöldmat á hóteli í heimalandi þínu?
- Hversu mikið borðar þú af hrísgrjónum?
- Hversu oft borðar þú á skyndibitastöðum?
- Hversu oft borðar þú á veitingahúsi?
  - Hvert ferðu yfirleitt?
  - Með hverjum ferðu yfirleitt?
  - Hversu miklu eyðirðu yfirleitt?
  - Ferðu einhverntíman á indverskt veitingahús?
- Borðarðu oft steikur?
- Hvaða matar saknar þú mest úr heimalandi þínu?
- Er einhver matur sem þú þolir alls ekki að borða?
- Nefndu matartegundir sem eru taldar óhollar.
- Nefndu matartegundir sem eru taldar hollar.
- Hvað borðaðirðu í hádeginu í gær?

- Hvað borðaðirðu síðast þegar þú fórst út að borða?
- Hvað fékkstu þér að borða í morgun?
- Hvað var í kvöldmatinn hjá þér í gærkvöldi?
- Hvað finnst þér gott að drekka?
- Hvað ertu búinn að borða í dag?
- Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?
- Hvað var það síðasta sem þú eldaðir fyrir einhvern annan?
- Hver er dýrasta máltíð sem þú hefur borðað?
- Hvað er dýrasta veitingahús sem þú hefur farið á?
  - Hvað fékkstu þér að borða þar?
  - Hvenær fórstu?
  - Með hverjum fórstu?
- Hvað er það furðulegasta sem þú hefur borðað? Var það gott eða vont á bragðið?
- Hver er uppáhaldseftirrétturinn þinn?
- Hver er uppáhalds ruslmaturinn þinn?
- Hvernig mat finnst mömmu þinni gaman að búa til?
- Hvaða matur heldur þú að sé óhollastur?
- Hvaða matur heldur þú að sé hollastur?
- Hvernig grænmeti finnst þér best?
- Hvaða veitingahúsi hér í borginni mælir þú með?
  - Af hverju er það góður staður?
  - Hversu mikið kostar maturinn þar?
- Hvað borðar þú yfirleitt á helgidögum? (Jólin, gamlárskvöld o.s.frv.)
- Hvað er besta veitingahús sem þú hefur farið á?
- Hvað er uppáhaldsfiskurinn þinn?
- Hvenær borðaðirðu síðast með mömmu þinni?
- Með hverjum borðarðu yfirleitt kvöldmat?
- Af hverju getur fólk ekki hætt að borða?
- Trúir þú því að "maður sé það sem maður borðar"?
- Ferðu með bænir fyrir hverja einustu máltíð?
- Hversu margar kaloríur eru í einum hamburgara?